

Halldór Stefánsson, vatnsafgreiðslumaður

Afhending 2014/62

Halldór Stefánsson fæddist þann 2. maí 1872 í Haganesi í Mývatnssveit. Hann var yngstur 11 systkina.

Ungur að árum fór Halldór í Búnaðarskólann í Ólafsdal og nam búfræði af Torfa Bjarnasyni. Að loknu námi flutti hann í Bitrufjörð á Ströndum þar sem hann kynntist eiginkonu sinni, Ingibjörgu Lýðsdóttur.

Eftir að hafa búið á ýmsum stöðum um landið fluttu þau hjón til Akureyrar árið 1921 og bjuggu þar til æviloka. Á Akureyri starfaði Halldór hjá vatnsveitunni, fyrst sem almennur starfsmaður en svo var hann fastráðinn sem sölu- og afgreiðslumaður vatns til skipa. Halldór starfaði við það til starfsloka árið 1949.

Halldór var dyggur félagi í Góðtemplarahreyfingunni, var yfirlýstur sósíalisti og tók þátt í verkalyðsbaráttu. Þá var hann einnig listhneigður, orti ljóð og söng. Hann var einn af stofnendum Karla-kórs Akureyrar og söng með honum fram á síðasta dag.

Halldór kvæntist Ingibjörgu árið 1900 og þau eignuðust 2 börn.

Skjölín voru afhent af Magnúsi Stefánssyni. Aðrar afhendingar frá Halldóri eru 2007/4 og 2012/26.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
17. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Halldór Stefánsson			
A-Halldór Stefánsson		1948 - 1948	
Halldór Stefánsson (1872-1955), vatnsafgreiðslumaður			2014 / 62
2014 - A / 1	1	1948- 1948	Endurminningar Halldórs Stefánssonar, skrifaðar 1948
			15,9 x 20 cm ib. - Er í óskju með afhendingu 2012/26